

Fundargerð 18. fundar stjórnar SSA haldinn 12. desember 2025

Fundurinn haldinn Teams og hófst 10:30.

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Berglind Harpa Svavarsdóttir (formaður), Þuríður Lillý Sigurðardóttir (varaformaður), Eyþór Stefánsson, Stefán Þór Eysteinnsson og Axel Örn Sveinbjörnsson. Jóhann Frímann Þórhallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Mætt frá Austurbrú: Bryndís Fiona Ford (framkvæmdastjóri) og Jón Knútur Ásmundsson (fundarritari).

1. **Fundargerð SSA nr. 17 til kynningar**

2. **Bókun um samgönguáætlun 2026 - 2040**

- Stjórn samþykkti samhljóða eftirfarandi bókun um samgönguáætlun 2026 - 2040 (þingsályktunartillaga) sem innviðaráðherra kynnti 3. desember 2025:

„Stjórn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi tekur undir sameiginlega bókun bæjarráðs Fjarðabyggðar og sveitarstjórnar Múlaþings þar sem þau lýsa yfir gríðarlegum vonbrigðum með samgönguáætlun ríkisstjórnarinnar og þá köldu kveðju sem hún felur í sér fyrir fjórðunginn. Ljóst er að Austurland er sett í frost.

Breytingar á samgönguáætlun verða að byggja á faglegum forsendum og vönduðum rökum. Hún er lykiltæki til að tryggja gagnsæi og fyrirsjáanleika í innviðauppbýggingu. Framþróun sveitarfélaga má ekki ráðast af mismunandi pólitískum áherslum ráðherra hverju sinni. Trúverðug forgangs röðun er forsenda þess að sveitarfélög og atvinnulíf geti skipulagt uppbyggingu til lengri tíma.

Að engar stórar framkvæmdir skuli vera á fyrsta tímabili fyrir Austurland er óásættanlegt. Slík niðurstaða gengur þvert á gefin fyrirheit um að hækkun veiðigjalda myndi skila sér aftur til samfélaganna og skapa fjárhagslegt svigrúm til innviðafjárfestinga. Austurland er næst í röð jarðgangaverkefna og ólíðandi er að horfa fram hjá þeirri staðreynd.

Bæjarráð Fjarðabyggðar, sveitarstjórn Múlaþings og stjórn SSA krefjast þess að Alþingi taki tillögu að samgönguáætlun til heildstæðrar endurskoðunar og tryggi Austurlandi réttmæta og sanngjarna hlutdeild í framkvæmdum á fyrsta tímabili hennar.“

3. Menntaskólinn á Egilsstöðum

- Stjórn samþykkti samhljóða eftirfarandi bókun um málefni Menntaskólans á Egilsstöðum:

„Samband sveitarfélaga á Austurlandi, SSA, lýsir miklum áhyggjum af stöðu og sjálfstæði Menntaskólans á Egilsstöðum vegna fyrirhugaðra en óljósra breytinga á fyrirkomulagi menntamála á framhaldsskólastigi, ekki síst í ljósi óboðlegra vinnubragða á dögnum þegar tilkynnt var fyrst í fjölmiðlum að ráðning farsæls skólameistara ME yrði ekki framlengd. Menntaskólinn á Egilsstöðum gegnir stóru hlutverki í menntun og byggðafestu á Austurlandi og mikilvægt er að ekki sé hróflað að ástæðulausu við því góða starfi sem þar er unnið.

Stjórn SSA lýsir fullum stuðningi við opið bréf skólanefndar Menntaskólans til mennta- og barnamálaráðherra þar sem farið er ítarlega yfir málið og réttmætar spurningar lagðar fram. Kallar stjórnin eftir svörum ráðherra við spurningum skólanefndarinnar um fyrirhugaðar svæðisskrifstofur og tekur undir áhyggjur af þeirri óvissu og ólgu sem þessi áform eru að valda. SSA skorar á ráðuneytið að bregðast við sem allra fyrst og vinna að lausn með skólasamfélaginu en ekki gegn því. Farsælt fyrsta skref væri að þiggja boð skólanefndar Menntaskólans á Egilsstöðum um samstarf en slíkt samráð við skólanefndir virðist hafa verið af skornum skammti hingað til.“

4. Gestur frá Hreindýraráði

- Formaður Hreindýraráðs, Þórhallur Borgarsson, mætti á fundinn og fylgdi úr hlaði erindi sínu sem lagt var fyrir stjórnarfund þann 21. nóvember sl., þar sem hann vakti athygli á málefnum hreindýra á starfssvæði SSA.
- Samband íslenskra sveitarfélaga á fulltrúa í samráðshópi vegna gerðar stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir hreindýr. Framkvæmdastjóra SSA falið að hafa samband við forsvarsmenn Sambandsins um tilnefningu á fulltrúa í samráðshópinn enda um mikið hagsmunamál að ræða fyrir Austurland.

5. Umsagnabeiðnir til SSA - 17 mál í samráðsgátt

- Drög að umsögn um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar og samræmingar leyfisferla á sviði umhverfis- og orkumála kynnt stjórn sem samþykkti umsögnina.
- Ennfremur var kynnt tillaga um að styðja umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga um breytingar á ýmsum lögum vegna einföldunar og samræmingar leyfisferla á sviði umhverfis- og orkumála. Stjórn styður tillöguna.
- Til umræðu drög að reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og reglugerð um almenn jöfnunarframlög. Framkvæmdastjóri vinnur málið áfram í samráði við stjórn.



6. Fundargerðir og erindi til kynningar

- SSNV, fundur nr. 133
- SASS, fundur nr. 630
- SSH, fundur nr. 618
- Erindi frá félagi tónlistarskóla í RVK um stöðu tónlistarmenntunar

11. Önnur mál

- Engin önnur mál til umræðu.

Fundi slitið 11:35.

Undirritunarsíða

Berglind Harpa Svavarsdóttir

Þuríður Lillý Sigurðardóttir

Stefán Þór Eysteinsson

Eypór Stefánsson

Axel Örn Sveinbjörnsson

Jóhann Frímann Þórhallsson